



Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í mars 2016. Nær til starfsemi í febrúar 2016.



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	5.240.612.206	5.341.279.818	-100.667.612	98
Gjöld án fjármagnsliða	4.637.967.369	4.866.583.683	-228.616.314	95
Grunnskólar	1.094.084.185	1.063.678.206	30.405.979	103
Leikskólar	648.615.516	654.041.142	-5.425.626	99
Félagsþjónustan	408.115.156	436.948.394	-28.833.238	93
Menningarmál	70.603.105	76.609.405	-6.006.300	92
Æskulýðs- og íþróttamál	420.114.951	418.389.223	1.725.728	100
Sameiginlegur kostnaður	181.038.358	195.564.223	-14.525.865	93

Fréttir

87% Kópavogsbúa eru ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á að því er fram kom í könnun Gallup á þjónustu 19 stærstu sveitarfélaga landsins sem birt var í febrúar. Í könnuninni er spurt um viðhorf til þjónustu sveitarfélagsins í margvíslegum málaflokkum.

Mikil ánægja er með aðstöðu til íþróttariðkunar í sveitarfélaginu, þar eru 85% ánægðir, 10% hlutlausir í afstöðu sinni og 5% óánægðir. Þá eru 74% ánægðir með gæði umhverfis í kringum heimili sitt, sorphirðu, og þjónustu sveitarfélagsins þegar á heildina er litið bæði út frá reynslu og áliti, 23% hlutlausir og 3% óánægðir.

Skrautlýsing á Fífuhammsvegi milli Smáratorgs og Smáralindar hlaut Íslensku lýsingarverðlaunin árið 2015 en þau voru veitt 6. febrúar í tengslum við Alþjóðlegt ár ljóssins og Vetrarhátíð. Verkið var unnið að frumkvæði Kópavogsbæjar sem setti saman hönnunarteymið til vinna að því að lýsa brúarmannvirkið að degi og skapa fallega ásýnd að kvöldi.

Vetrarhátíð var haldin á höfuborgarsvæðinu fyrstu helgina í febrúar. Nær 2000 manns sóttu safnanótt í Kópavogi en þá var fjölbreytt dagskrá í menningarhúsum Kópavogs sem opin voru til miðnættis. Jóga og tónleikar voru á meðal þess sem boðið var upp á í sundlaugum Kópavogs á sundlauganótt sem um þúsund gestir sóttu heim.

Rekstur helstu málaflokka

